
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn fimmtudaginn
10. nóvember 2022, kl. 17:00 í Landsbankanum, Austurstræti 11,
155 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Hannes J. Hafstein, lögmann, í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Hannes tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Jóhannes Guðmundsson sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði næst lögmati fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 19. október 2022, og á vef Íslenska lífeyrissjóðsins þann 19. október 2022. Þá voru tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum auglýstar á vef Íslenska lífeyrissjóðsins þann 27. október 2022. Tillögur skulu samkvæmt samþykktum kynntar sjóðfélögum tveimur vikum fyrir ársfund. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til auglýstrar dagskrár.

Dagskrá fundarins:

1. Breytingar á samþykktum og réttindatöflum.
2. Önnur mál

1. Breytingar á samþykktum á réttindatöflum

Fundarstjóri gaf Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Íslenska lífeyrissjóðsins, orðið. Hann kynnti tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum og réttindatöflum sjóðsins. Fram kom að stjórn sjóðsins hefði samþykkt á fundi sínum, dags. 26. október 2022, að leggja til breytingar á samþykktum sjóðsins.

Fram kom hjá Ólafi Páli að allar breytingartilögur hefðu verið kynntar á vef Íslenska lífeyrissjóðsins. Fram kom að margar breytinganna væru minniháttar orðalagsbreytingar sem skýrðu sig sjálfar. Aðrar breytingar væru veigameiri og m.a. til komnar vegna halla á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Slíkar breytingar yrðu skýrðar betur hér á fundinum. Fram kom að tryggingafræðileg úttekt sjóðsins hefði verið unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Samkvæmt niðurstöðum tryggingastærðfræðings voru heildareignir samtryggingadeildar lífeyrissjóðsins í lok árs 2021 10,1% lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar.

Ólafur benti á að áfallin staða og framtíðarstaða mynduðu saman heildarskuldbindingu sjóðsins, en mikið ójafnvægi hefði verið á þessum tveimur undirliggjandi þáttum í niðurstöðum tryggingafræðilegrar úttektar. Þannig hefði áfallin staða verið jákvæð um 601,9 m.kr. eða sem nam 2% af áfallinni skuldbindingu. Framtíðarskuldbinding hefði hins vegar verið um 8,1 ma. kr. hærri en eignir eða 18,2%. Fram kom að samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt fyrir árið 2020 hefði heildarskuldbinding sjóðsins verið neikvæð um 1,0%. Mikil breyting á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins á milli ára skýrðist af nýjum dánar- og eftirlifendatöflum sem gefnar hefðu verið út af fjármála- og efnahagsráðherra í lok árs 2021. Töflurnar byggðu á tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Vegna framangreindrar stöðu lífeyrissjóðsins ákvað stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins að leggja til, á grundvelli tillagna frá tryggingastærðfræðingi sjóðsins, að gera breytingar á samþykktum og réttindatöflum sjóðsins. Breytingarnar fela í sér að upp verði teknar nýjar réttindatöflur sem taka mið af aldri og fæðingarári sjóðfélaga. Þá væri aldursári viðmiðunar lágmarkstryggingaverndar einnig breytt, úr 25 í 20 ár. Þá væri iðgjald til samtryggingar í öllum útgreiðsluleiðum (leið I til IV) hækkad, þ.e. úr 7,99% í 8,8% í leið I, úr 5,83% í 6,90 í leið II, úr 4,27% í 5,14% í leið III og úr 3,27% í 3,80% í leið IV.

Fram kom að skv. útreikningi tryggingastærðfræð-

ings sjóðsins yrði tryggingafræðileg staða sjóðsins eftir breytingar á iðgjaldi og réttindatöflum sú að áfallin staða yrði jákvæð um 565,6 m.kr. eða sem næmi 1,9%. Þá yrði framtíðarstaða jákvæð um 329,9 m.kr. eða sem næmi 0,8%. Heildarstaða sjóðsins eftir breytingar yrði jákvæð um 895,5 m.kr. eða sem næmi 1,3%.

Að lokinni kynningu á forsendum fyrir breytingum á réttindatöflum sjóðsins kynnti Ólafur Páll aðrar helstu breytingar á samþykktum sjóðsins.

Varðandi breytingar á 6. gr. samþykktanna kom fram að bætt væri við ákvæði um rafrænt stjórnarkjör. Fram kom að tilgangur breytingarinnar væri að auðvelda sjóðfélögum Íslenska lífeyrissjóðsins að taka þátt í stjórnarkjöri.

Breytingar voru gerðar á 8. gr. samþykktanna sem lutu að hækkun á lögbundnu iðgjaldi. Samkvæmt breytingum á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, hækkar lágmarksiðgjald úr 12% í 15,5% þann 1. janúar 2023.

Fram kom að breytingar hefðu verið gerðar á 8. og 9. gr. er lúta að tilgreindri séreign. Ákvæði um tilgreinda séreign hefðu nú verið bundin í lög, sbr. breytingar á lögum nr. 129/1997. Íslenski lífeyrissjóðurinn tæki ekki við tilgreindri séreign í gegnum iðgjald sem greitt væri til sjóðsins en sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum sem tækju við tilgreindri séreign gætu flutt tilgreinda séreign til Íslenska lífeyrissjóðsins og ávaxtað hana þar.

Varðandi breytingar á 13. gr. þá væru gerðar breytingar á þeim iðgjaldshluta sem færi til samtryggingar í viðkomandi útgreiðsluleið. Þá væru lagðar til breytingar á því til hvaða útgreiðsluleiða nýir sjóðfélagar mættu greiða. Á árinu 2003 hefði verið ákveðið að heimila ekki nýjum sjóðfélögum að greiða í útgreiðsluleiðir II og IV. Eldri sjóðfélagar gátu þó haldið áfram að greiða í leiðirnar. Með breytingunni hér legði stjórn til að heimila nýjum sjóðfélögum að greiða til allra leiða sjóðsins.

Fram kom að breytingar væru lagðar til á gr. 14.2 í samþykktum. Með breytingunni væri lagt til að sjóðfélagar í útgreiðsluleiðum II til IV geti hafið töku lífeyris frá 65 ára aldri með því að dreifa bundinni séreigninni yfir allt að 5 árum lengri tíma en núgildandi samþykktir gerðu ráð fyrir. Engar breytingar væru gerðar á úttekt úr samtryggingardeild.

Ólafur Páll lauk kynningu sinni. Bjarni Guðmundsson steig í pontu og útskýrði nánar forsendur breytinga á réttindatöflum.

Að loknum stuttum umræðum bar fundarstjóri framlagðar breytingatillögur fyrir fundinn til samþykktar eða synjunar. Fundarstjóri óskaði eftir heimild til að skipta atkvæðagreiðslunni í tvennt í stað þess að kjósa um hverja og eina breytingartilögu. Enginn hreyfði við mótmælum.

Í fyrri atkvæðagreiðslu voru breytingar á réttinda-
töflum og III. kafla samþykktar bornar undir fundinn. Tillagan var samþykkt samhljóma.

Í seinni atkvæðagreiðslu voru breytingar á I., II. og IV. kafla samþykktanna bornar undir fundinn. Tillagan var samþykkt samhljóma.

2. Önnur mál

Fundarstjóri kannaði hvort einhver óskaði eftir því að kveða sér orðs. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri gaf því stjórnarformanni orðið sem sleit fundi kl. 17:30

Sjóðfélagar á fundi voru 8 og vægi atkvæða 0,1%. Þannig fram farið.

Hannes J. Hafstein, fundarstjóri

Jóhannes Guðmundsson, fundarritari

